

SAMÞYKKT

um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Almennt ákvæði.

Um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg fer samkvæmt samþykkt þessari. Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar fer tækni- og veitusvið sveitarfélagsins með málefni hunda og hundahalds í umboði bæjarstjórnar og fer eftirlitsmaður með eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

2. gr.

Leyfi til hundahalds.

Hundahald er heimilað í Sveitarfélaginu Árborg, þ.m.t. á lögbýlum, að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

Ekki er heimilt að hafa fleiri en þrjá hunda á sama heimili í þéttbýli og í skipulögðum búgarðabyggðum.

3. gr.

Skilyrði fyrir leyfi.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda tækni- og veitusviði Sveitarfélagsins Árborgar, innan mánaðar frá því að hundur er tekinn inn á heimili, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, er þó heimilt að halda án skráningar, þar til þeir verða 4 mánaða. Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald skv. gjaldskrá. Við útgáfu leyfis fær leyfishafi afhenta merkta plötu, sbr. 13. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg. Leyfi til hundahalds einskorðast við tiltekinn hund. Leyfið er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda, enda er það ófrávikjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða og hafa lögheimili í sveitarfélaginu.
- b. Að fyrir liggi samþykki sameigenda vegna fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 5. gr.
- c. Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 13. gr.
- d. Við mat umsóknar getur hundaeftirlitsmaður leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier
- b. Fila Brasileiro
- c. Toso Inu
- d. Dogo Argentino
- e. Amerískur bulldog
- f. Amerískur staffordshire (amstaff)
- g. Boer boel
- h. Miðasískur ovtjarka
- i. Anatolískur fjárhundur (kangal)
- j. Kákasískur ovtjarka
- k. Sarplaninac
- l. Suðurrússneskur ovtjarka

- m. Tornjak
- n. Blendinga af ofangreindum tegundum
- o. Blendinga af úlfum og hundum.

5. gr.

Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur eða stigagangur er sameiginlegur skal umsókn fylgja skriflegt samþykki 2/3 hluta þeirra eigenda og íbúa, sem hlut eiga að máli, sbr. nánar 33. gr. a laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar íbúð umsækjanda hefur sér-inngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt rými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds þó ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hundsins um slík rými stranglega bönnuð, nema þegar verið er að færa hundinn að og frá séreign og skal hundur þá vera í taumi og í umsjá manns sem hefur fulla stjórn á honum. Lausaganga hunda á sameiginlegri lóð eða í sameign telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfis og varðar sviptingu þess.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. mgr. einvörðungu til tiltekins hunds og gildir á meðan hann lifir. Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú. Skemmri heimsóknir hunda eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggi leyfi 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

6. gr.

Leiðsögu- og hjálparhundar.

Sé eigandi, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan þann máta að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð ákvæðum 5. gr. um samþykki eigenda annarra íbúða. Slíkur hundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem leiðsögu- og hjálparhundur. Þegar sótt er um leyfi til að halda slíkan hund í fjöleignarhúsi skal láta fylgja umsókn vottorð um þörf fyrir hundinn og þjálfun hans. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. d laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

7. gr.

Hundar á lögbýlum.

Sækja skal um leyfi til að halda hunda á lögbýlum og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund, en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 14. gr., fyrir tvo hunda sem notaðir eru við búrekstur á lögbýli eiganda. Ákvæði um fjölda hunda á ekki við á lögbýlum. Hundar á lögbýlum mega eingöngu vera lausir á landi þeirra. Eigendur hunda á lögbýlum, sem ganga þar lausir, skulu gæta þess að lausir hundar þeirra trufla ekki fugla á varptíma þeirra. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

8. gr.

Hundaræktun.

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri dýr eru haldin til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis, sbr. reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

9. gr.

Skammtímaheimsóknir.

Hundar, sem ekki eru skráðir í Sveitarfélaginu Árborg, mega ekki dveljast þar lengur en í tvo mánuði nema með leyfi tækni- og veitusviðs og að fengnu samþykki skv. 5. gr. sé um fjöleignarhús að ræða. Tilkynning um tímabundna dvöl skal berast eigi síðar en fyrsta virkan dag sem hundinum er

ætlað að dvelja í sveitarfélaginu. Framvísa skal leyfi til hundahalds frá heimasveitarfélagi hundsins eigi það við.

Um skammtímaheimsóknir hunda í húsum gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags eða fjöleignarhúsalaga.

10. gr.

Hundaskrá, tilkynningaskylda eiganda.

Upplýsingar um hunda skal skrá hjá tækni- og veitusviði Sveitarfélagsins Árborgar að Austur-vegi 67, Selfossi. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hunds. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Umsókn skal fylgja ljósmynd af hundinum.

Eiganda hunds ber að tilkynna tækni- og veitusviði um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu og hvert hann flytur. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

11. gr.

Ábyrgðartrygging.

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins og gerir sveitarfélagið heildarsamning við tryggingafélag um slíka tryggingu fyrir alla skráða hunda, sem greitt er eftirlitsgjald af. Iðgjald skal innifalið í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 14. gr. Eigendur hunda sem eru undanþegnir eftirlitsgjaldi skulu ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi.

12. gr.

Ormahreinsun.

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári. Ein ormahreinsun á ári skal innifalin í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi. Skal hundeigandi framvísa vottorði um ormahreinsun hundsins ef þess er óskað.

Eigendur hunda sem eru undanþegnir eftirlitsgjaldi skulu sjá um ormahreinsun á sinn kostnað og leggja fram vottorð um að hundurinn hafi verið hreinsaður ef þess er óskað.

13. gr.

Örmerking, merkiplata.

Hundur sem sótt er um leyfi fyrir skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskráráðsins (ISO 11784 eða 11785) og skal númer örmerkis skráð við skráningu hunds.

Hundur skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn sem á skal greypt skráningarnúmer hundsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. Þá skal símanúmer eiganda hunds greypt á plötu sem fest skal við ól hundsins.

14. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða gjöld sem renna í sveitarsjóð, annars vegar skráningargjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við hundahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn setur gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Skráningargjaldið greiðist við skráningu hunds og eftirlitsgjald síðan árlega 1. mars með eindaga 31. mars ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og leiðsögu- og hjálparhundar sem eru sérþjálfaðir og skráðir sem slíkir eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir. Sama gildir um tvo hunda á lögbýli, enda séu þeir notaðir við búrekstur á lögbýli eiganda, sbr. 7. gr.

15. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengnisskyldur hundeiganda.

Umhirða hunds skal vera í samræmi við lög nr. 15/1994 um dýravernd og ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Eigendur og umráðamenn hunda skulu gæta þess vel, að hundar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna.

Sveitarfélagið Árborg getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

Hundaeigendum og umráðamönnum hunda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hunda þeirra.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa nema innan hundheldrar girðingar, hunda á lögbýlum eigenda og nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila eða skilja eftir eftirlitslausa utanhúss á svölum eða veröndum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað að aðaldyrum viðkomandi húss. Taumur má ekki vera svo langur að hundur komist út fyrir lóðarmörk.

Bannað er að árásarþjálfa hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, eftir því sem við á.

16. gr.

Óheimilir staðir.

Óheimilt er að fara með hunda inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem taldir eru upp í fylgiskjali 3 við reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Heimilt er þó að hleypa hjálparhundum inn á viðkomandi staði. Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í hús-næði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli og inn í hús-næði vatnsveitna sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, brunnsvæði vatnsverndar, brunnar og sjóveitur.
2. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, þ. á m. lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús og sjúkrahúspjálfun.
3. Matvælafyrirtæki hvers konar þ. á m. veitingastaðir og matvöruverslanir.
4. Gististaðir.
5. Skólar og gæsluvellir.
6. Snyrtistofur hvers konar.
7. Íþróttahús og heilsuræktarstöðvar.
8. Samkomuhús hvers konar og staðir þar sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.

Óheimilt er að tjóðra hunda eða hafa eftirlitslausa fyrir utan sömu staði.

Heimilt er þó að fara með hunda inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir og snyrtistofur þegar og þar sem starfsemin er sérstaklega ætluð dýrum.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur.

Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

17. gr.

Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflifun, kostnaður.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda, sé hundur merktur, handsömunina svo fljótt sem auðið er. Ef hunds er ekki vitjað innan sjö sólarhringa

frá handsömun, er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður, að undangenginni auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Heimilt er að lóga ómerktum hundum án undangenginnar auglýsingar.

Hafi hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

18. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflífun.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Hafi hundur bitið mann og/eða ef hundur telst hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður. Óski hundaeigandi þess er honum þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun er tekin.

Berist lögreglu eða heilbrigðiseftirliti kvartanir eða kærur vegna hundahalds sem fellur undir samþykkt þessa, skal dýraeftirlitsmanni tilkynnt um þær.

19. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Ef eigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum sem um dýrahald gilda, getur tækni- og veitusvið Sveitarfélagsins Árborgar afturkallað leyfi til hans og/eða bannað honum að vera með hund innan marka sveitarfélagsins.

Sé brot smávægilegt skal áminna eiganda hunds að undangengnum andmælarétti. Ítrekað brot gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum sem um dýrahald gilda varðar afturköllun leyfis til hundahalds.

Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds, telji hún þess brýna þörf. Ákvarðanataka um afturköllun leyfis til hundahalds fer samkvæmt málsmeðferðarreglum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Um valdsvið og þvingunarúrræði að öðru leyti vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

20. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 903/2008 um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim, sem halda fleiri hunda en þrjá þegar samþykktin tekur gildi, er skylt að sækja um leyfi skv. 3. gr. innan sex mánaða og geta þeir að fengnu leyfi haldið þá á heimili sínu á meðan þeir lifa.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 23. apríl 2013.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Kjartan Ingvarsson.